Nd. **537. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.,

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

Þingeyrar læknishéraði í Vestur-Ísafjarðarsýslu skal skift í þessi tvö læknishéruð:

Þingeyrarhérað: Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur, að undanteknum Ingjaldssandi. Læknissetur á Þingeyri.

Flateyrarhérað: Ingjaldsandur í Mýrahreppi, Mosvallahreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri.

Breyting þessi gengur þá í gildi, er Flateyrarhérað verður veitt umsækjanda.